

Viðbótartryggingar

Viðbótartrygging er oft í boði í tengslum við sölu á heimilistækjum og raftækjum, m.a. farsímum. En er hún nauðsynleg? Neytendakaupalögin veita vernd fyrir framleiðslugalla, auk þess sem margir framleiðendur veita ákveðna ábyrgð til viðbótar. Fjöldi neytenda er líka með kaskóheimilistrygging. Fólk þarf því að meta í hversu miklum mæli viðbótartrygging veitir raunverulegt hagræði, með tilliti til sjálfsábyrgðar o.þ.h.

Vernd í neytendakaupalögum

Seljandinn ber samkvæmt ófrávíkjanlegum lögum ábyrgð á galla sem kemur fram innan allt að fimm ára frá þeim degi sem varan var afhent, ef gallinn stafar af ástæðu sem var til staðar við afhendingu (þó svo að hann komi fyrst í ljós seinna).

Hámarksfrestur til þess að leggja fram kvörtun um galla er almennt 2 ár frá kaupum, en lengra ef:

- varan, eða hlutum hennar, sé ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um vörur. Þá er fresturinn 5 ár. Þetta á t.d. við um kæliskápa, þvottavél-ar og leðursófa.
- seljandinn í ábyrgðaryfirlýsingu eða samningi hefur tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma en 2 ár.
- seljandi hefur sýnt af sér vítavert gáleysi eða framferði hans á annan hátt er ekki í samræmi við heiðarleika og góða trú.

Ábyrgð

Vara er í ábyrgð hafi seljandi eða framleiðandi sérstaklega lýst yfir ábyrgð og gildir hún með þeim skilyrðum sem fram koma í yfirlýsingunni og í auglýsingum tengdum henni. Ábyrgð á alltaf að veita kaupanda meiri rétt en hann hefur samkvæmt lögum, til dæmis lengri kvörtunarfrest. Upplýsa þarf neytanda um gildissvið ábyrgðarinnar og hvaða skilyrði eru sett.

Ef ekki hefur verið nánar tilgreint til hvers ábyrgðin taki má gera ráð fyrir að seljandinn/framleiðandinn ábyrgist, þ.e. beri sönnunarbyrðina fyrir því að varan sé gallalaus allan ábyrgðartímann. Neytandinn þarf þá ekki að sanna að varan hafi þegar verið gölluð þegar hann keypti hana. Seljandinn losnar ekki undan ábyrgð nema hann geti sannað kaupandinn eigi sök á gallanum.

Heimiliskaskó

Kaskótrygging í heimilis-/fjölskyldutryggingum bætir tjón, sem er ekki bótaskyld samkvæmt heimilis- eða farangurstryggingu í fjölskyldutryggingunni, á lausafjórðunum úr innbúi vegna skyndilegra ófyrirsjáanlegra utanaðkomandi orsaka.